

Hafnarfjörður 15. janúar 2021

Kæru nemendur og foreldrar og/eða forráðamenn

Vikan framundan – **framhald á blandaðri kennslu:**

Við höldum áfram á sömu nótum í næstu viku, þ.e. **staðkennsla** fer fram hjá öllum nemendum skólans fyrir hádegi **mánudag og fimmtudag** (í A, B, C og D stökkum), eftir hádegi á **þriðjudag og miðvikudag** og á **föstudag** frá klukkan **08:30 – 12:55**. Allir aðrir áfangar í töflu eru kenndir í **fjarkennslu**, sjá mynd hér fyrir neðan.

Rammastundaskrá V2021

Tímar	Mán	Tímar	Þri	Mið	Tímar	Fim	Fös	Tímar
8:30-9:30	Staðkennsla	8:30-9:30	Fjarkennsla	Fjarkennsla	8:30-9:30	Staðkennsla	Staðkennsla	8:30-9:30
9:35-10:35	Staðkennsla	9:35-10:35	Fjarkennsla	Fjarkennsla	9:35-10:35	Staðkennsla	Staðkennsla	9:35-10:35
10:45-11:45	Staðkennsla	10:35-11:25	HLÉ	HLÉ	10:45-11:45	Staðkennsla	Staðkennsla	10:45-11:45
11:55-12:55	Staðkennsla	11:25-12:25	Staðkennsla	Staðkennsla	11:55-12:55	Staðkennsla	Staðkennsla	11:55-12:55
12:55-13:45	HLÉ	12:30-13:30	Staðkennsla	Staðkennsla	12:55-13:45	HLÉ	HLÉ	12:55-13:30
13:45-14:45	Fjarkennsla	13:45-14:45	Staðkennsla	Staðkennsla	13:45-14:45	Fjarkennsla		13:30 - 14:30
14:50-15:50	Fjarkennsla	14:50-15:50	Staðkennsla	Staðkennsla	14:50-15:50	Fjarkennsla		

íþróttir utan töflu, hámark utan töflu og helst 5+ efri þreps áfangar

Nokkur praktísk atriði: Við minnum á að **tilkynna ber veikindi** á INNU og staðfesta annað hvort með vottorði læknis eða foreldris/forráðamanns. Einnig er hægt að sækja um leyfi í einstaka tímum, sjá reglur um skólasókn á heimasíðu skólans. Áfram er mótuneyti skólans lokað og því minnum við á mikilvægi þess að vera með **holt og gott nesti**. Enn er hægt að kaupa stærðfræðihefti á skrifstofu skólans.

Að lokum, það var afar ánægjulegt að fá ykkur í hús og þið standið ykkur vel í því að virða reglur um sóttvarnir og grímuskyldu.

Takk fyrir frábæra viku!

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari